



Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík  
B.t. Sigurður Ingason

Reykjavík, 10.11.2014

Tilv. 21.9.1/SIL

JS/mþ

### Málefni: Kynning á tillögu að starfsleyfi fyrir Dýrfisk ehf

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 1. október 2014 (UST20140300231/si), þar sem greint er frá tillögu að starfsleyfi fyrir Dýrfisk hf. varðandi 4000 tonna sjókvíaeldi á regnbogasilungi utan við Sandeyri á Snæfjallaströnd í Ísafjarðardjúpi.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir Dýrfisk hf. í Ísafjarðardjúpi en vill taka fram að mikilvægt er að vandað verði til vöktunaráætlunar vegna eldisins þannig að fylgst verði náið með umhverfisþáttum og dýralífi á botni í nágrenni við eldissvæðin. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að þéttleiki fisks í kvíum sem greint var frá í tilkynningu Dýrfisks var sagður verða undir  $10 \text{ kg/m}^3$  en nú hefur fyrirtækið óskað eftir að þessi mörk verði  $25 \text{ kg/m}^3$  í starfsleyfinu og hefur Umhverfisstofnun fallist á þau mörk.

Hafrannsóknastofnun gerir athugasemd við að fiskeldisfyrirtæki tiltaki þéttleikatölur í tilkynningu sinni um eldi en breyti þeim svo eftir að umsagnaraðilar hafa gefið umsögn um tilkynninguna.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,



Jóhann Sigurjónsson